

Stjórnarfundur í Hverfisnefnd Oddeyrar 25.3.2014.

Mættir: Perla Fanndal formaður, Jón Ingi Cæsarsson, Kristín Elva Magnúsdóttir, Ingimar Tryggvason.

Gestur: Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir.

1. **Snjómokstur:** Stjórn ræðir mokstur á Eyrinni. Formaður upplýsti að hún hefði sent tölvupóst á Framkvæmdadeild með athugasemdum um slæman mokstur og vont ástand á leiðinni að Oddeyrarskóla og Iðavöll. Svar barst frá forstöðumanni þar sem tekið var vel í að bregðast við ástandinu. Stjórnin telur að heldur verr hafi verið staðið að snjómokstri á svæðinu en oft áður og skorar á bæjaryfirvöld að vera meira á tánum við að fylgjast með mokstri á vegum verktakanna, sérstaklega vegna leiða að þeim stofnunum sem þarna eru, Oddeyrarskóla og leikskólanum Iðavelli.
2. **Tillögur í umhverfismálum:** Stjórnin ræddi nýsendar tillögur vegna umhverfisátaks. Stjórnin gerir ráð fyrir að þeir fjármunir sem ekki voru nýttir á árinum 2013 falli ekki niður þar sem það er ekki á ábyrgð nefndarinnar að svo fór. Stjórnin gerir ráð fyrir að heyra frá bæjaryfirvöldum áður en málinu verður lokað í vor.
3. **Skoðunarferð:** Ákveðið að fara skoðunar og eftirlitsferð um páska. Nánari dagsetning síðar.
4. **Umhverfismál:** Rædd ýmis umhverfismál.
5. **Hverfisnefndir:** Málefni varðandi hverfisnefndir og hlutverk þeirra rædd á almennum nótum.
6. **Næsti fundur stjórnar:** Næsti fundur stjórnar verður þriðjudaginn 29. 04. 2014.

Fundargerð skrifar Jón Ingi Cæsarsson í forföllum ritara.